

Miðvikudaginn 24. apríl 1991.

Nr. 387/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hlyni Guðmundssyni

(Stefán Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1990 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða Magnúsi Magnússyni „allt að kr. 919.021,- eða lægri fjárhæð að mati dómsins í fébætur ásamt vöxtum af tildæmdri fjárhæð“.

Dómkröfur verjanda eru þær aðallega, að ákvörðun um refsingu verði frestað skilorðsbundið, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst hann þess, að bótakröfum Magnúsar Magnússonar verði vísað frá dómi, til vara, að ákærði verði sýknaður af þeim, en til þrautavara, að þær verði lækkaðar.

I.

Ríkissaksóknari hefur með tilvísun í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála óskað að gera þá leiðréttingu á ákæru, að atburðir þeir, sem málið fjallar um, hafi gerst aðfaranótt þriðjudagsins 21. júlí 1987, en ekki mánudagsins 20. júlí 1987, eins og í ákæru greinir. Verjandi hefur engar athugasemdir haft uppi vegna þessarar leiðréttingar.

II.

Ákærði og Einar Gíslason voru bifreiðarstjórar á hópferðabílum með hóp erlendra ferðamanna, sem virðast hafa dvalist í Skaftafelli umrædda nótt. Sjálfir munu bifreiðarstjórnir hafa haft bækistöð

í bílum sínum. Um nóttina neyttu þeir áfengis saman. Eigi verður séð, að þeir hafi átt annað erindi inn á tjaldsvæðið en að leita sér félagsskapar. Þeir þrengdu sér inn í fortjald vitnanna Ingibjargar Ingadóttur og Guðlaugs Þórs Böðvarssonar án þess að vera þangað boðið. Þeir yfirgáfu fortjaldið eftir ítrekuð tilmæli þar um, þegar Ingibjörg og Magnús Magnússon þurftu að bregða sér frá, en voru enn á vettvangi, þegar þau komu til baka. Verulega ber á milli í frásögn ákærða og vitna um atburðarás eftir þetta. Þó benda líkur til þess, að ákærði og Einar hafi verið upphafsmenn að þeim átökum, sem urðu á staðnum.

Með vísan til forsendna héraðsdóms telst sannað, að ákærði hafi veitt Magnúsi Magnússyni áverka bæði á kjálka og barkakýli með hnefahöggi og sparki og valdið Magnúsi þeim lemstrum, sem í héraðsdómi greinir.

Telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Refsingu ákærða ber að ákveða sem hegningarauka samkvæmt 78. gr. laga nr. 19/1940 við 4000 króna sekt, sem ákærði gekkst undir 4. nóvember 1989. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að ákveða, að fullnustu tveggja mánaða af refsingunni skuli frestað skilorðsbundið í þrjú ár.

III.

Héraðsdómari fjallaði um hina margþættu skaðabótakröfu Magnúsar Magnússonar í einu lagi. Er þetta aðfinnsluvert. Eigi er þó næg ástæða til að vísa skaðabótakröfunni frá dómi.

Skaðabótakrafan á hendur ákærða, samtals að fjárhæð 919.021 króna, er sundurliðuð í héraðsdómi.

Um 1. og 2. lið.

Þessir kröfuliðir fjalla um tapaðar vinnutekjur Magnúsar og sjúkradagpeninga til frádráttar. Fullnægjandi gögn um vinnutekjutap liggja ekki fyrir í málinu, og eigi eru heldur leiddar að því nægar líkur. Ber því að sýkna ákærða af kröfu um bætur fyrir atvinnutjón.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður fjallar um miskabætur Magnúsi til handa.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var lagt fram vottorð Hannesar Hjartarsonar lækni, sem er sérfræðingur í háls-, nef- og eyrna-lækningum. Vottorð þetta, sem er dagsett 17. maí 1990, var sent lögmanni Magnúsar á sínum tíma, en barst aldrei til héraðsdómarans. Í vottorðinu segir svo:

„Vísá til vottorðs frá 13. 10. 1987 en í stuttu máli varð sjúklingurinn fyrir líkamsárás 19. 07. 1987. Við það hlotið þverbrot gegnum neðri kjálka vinstra megin, brotna tönn og protesu í efri góm, áverka á barka með lömum á vinstra raddbandi og blæðingu inn í falska raddbandið. Fékk lyfjameðferð og meðferð hjá talmeinafræðingi og hefur lömum í vinstra raddbandi að mestu leyti gengið til baka en við beina speglun á raddbönd kemur greinilega í ljós að ennþá er lömuð sú taugagrein sem heitir nervus laryngeus superior en hún sér um lokastrekkingu á raddbandinu og hreyfingu í miðlinu. Þetta veldur raddbreytingu og veldur honum vandkvæðum fyrst og fremst vegna þess að hann hefur ekki lengur söng-rödd. Þar sem nú eru 3 ár liðin frá áverka er hér um óafturkræfar breytingar að ræða.“ Magnús Magnússon á rétt á miskabótum úr hendi ákærða, og þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Um 5. lið.

Hér er um að ræða kostnað við raddþjálfun og lækniþjónustu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals 2.010 krónur. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina.

Um 6. lið.

Föt Magnúsar skemmdust við átökin. Verður þessi kröfuliður, að fjárhæð 5.000 krónur, tekinn til greina.

Um 7. lið.

Samkvæmt þessum lið gerir Magnús kröfu um andvirði nýs tann-góms, að fjárhæð 27.850 krónur.

Í málinu liggur frammi vottorð Jóns S. Snæbjörnssonar tann-lækni, dagsett 12. júlí 1988. Þar segir svo:

„Hér með vottast að við áverka þann er Magnús Magnússon hlaut, er ráðist var á hann í Skaftafelli þ. 20/7 '87, brotnaði efri tanngarður í munni hans. Ráðlegast þykir að smíða nýjan góm. Verð á heilgóm í dag: 27.850.“

Leggja ber til grundvallar í málinu, að gómur Magnúsar hafi brotnað við áverka þá, sem ákærði veitti honum. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 8. og 9. lið.

Magnús leitaði aðstoðar lögmanns í héraði við gagnaöflun og kröfugerð á hendur ákærða. Var það eðlilegt, eins og á stóð. Telst kostnaður við það hæfilega ákveðinn 20.000 krónur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ákærði dæmdur til að greiða Magnúsi Magnússyni samtals 254.860 krónur (200.000 + 2.010 + 5.000 + 27.850 + 20.000).

Um vexti.

Í 4. kröfulið er gerð krafa um vexti frá 20. ágúst 1987, að fjárhæð 280.977 krónur.

Rétt þykir að dæma ákærða til að greiða Magnúsi vexti af 254.860 krónum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

IV.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði Magnúsi Magnússyni 254.860 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 20. ágúst 1987 til 14. júní 1989, en frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til uppsögu dóms þessa,

en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dags. 16. maí 1989, „á hendur Hlyni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Þinghólsbraut 12, Kópavogi, kennitala 070859-2039, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 20. júlí 1987 á tjaldstæði í þjóðgarðinum í Skaftafelli ráðist á Magnús Magnússon, fæddan 15. mars 1944, með hnefahöggum og spörkum í andlit og háls, svo að Magnús féll við og hlaut brot á neðri kjálka, skurð yfir kjálkanum, sem sauma þurfti saman, tímabundna lömum á vinstra raddbandi og gervitanngarður hans brotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að 27. júlí 1987 kom Magnús Magnússon, fæddur 15. mars 1944, til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þá Hlyn Guðmundsson, Þinghólsbraut 12, Kópavogi, og Einar Gíslason, Eyjahrauni 23, Þorlákshöfn, fyrir líkamsárás á tjaldstæði í þjóðgarðinum í Skaftafelli 20. júlí 1987. Í skýrslu, sem Magnús gaf hjá rannsóknarlögreglunni af þessu tilefni, kemur fram, að hann hafi verið í tjaldi ásamt sambyliskonu sinni, Birnu, dóttur hennar, Ingibjörgu, og eiginmanni Ingibjargar, Guðlaugi. Þau hafi drukkíð „irish coffee“. Komu þá tveir menn óboðnir inn í tjaldið og voru að sögn Magnúsar með áfengi og sýnilega ölvaðir. Síðar kvaðst hann hafa farið út úr tjaldinu með Ingibjörgu, en er hann var á leiðinni í tjald þeirra Birnu, hafi mennirnir varnað honum að komast þangað og verið með ljótt orðbragð. Magnús kvaðst þá hafa stjakað við Einari, en þá hafi Hlynur sparkað í bakið á sér, svo að hann féll við. Þeir hafi síðan báðir sparkað og slegið sig í andlitið, og hafi ein tönn brotnað við það.

Hann kvaðst hafa verið fluttur til læknis á Kirkjubæjarklaustri, og lagði hann fram svohljóðandi „áverkavottorð:

21.7. '87.

Magnús Magnússon,
15.03.44 - 6273-4876,
Seljavegi 33,
Reykjavík,
sími 77133.

Magnús kveðst hafa verið staddur í Þjóðgarðinum í Skaftafelli í nótt og þar hafa orðið fyrir árás tveggja manna laust f. kl. 2 aðfaranótt 21.7. '87.

Kveður hann mennina hafa sparkað í sig vinstra megin á hálsinn og hökuna og fengið a.m.k. tvö hnefahögg beint á munninn auk annarra stimpinga, við þetta fallið við, en ekki misst meðvitund. Vegna sparksins á hálsinn kom hann varla upp orði og fannst eins og hann ætlaði að kafna. Eftir þetta finnst honum rödd sín hafa breyst, á erfitt með að kyngja.

Kemur í fylgd með sambýliskonu sinni og landverði í Skaftafelli hingað um kl. 6 um morguninn þ. 21. júlí '87 til skoðunar.

Skoðun. Peysan blóðug. Hann er greinilega hás, en ekki að merkja neina kyngingarerfiðleika. Á hálsi vi. megin sér maður væga bólgu og roða, en hann er nokkuð aumur við þreifingu og sérstaklega yfir larynx vi. megin. Vi. megin yfir neðri kjálkanum er um það bil 2ja cm langt sár, sem gapir og þarf greinilega að sauma. Við ath. á munni sér maður, að hann er með gervitennur í báðum gómum og ein tönn brotin úr efri gómi hæ. megin. Annars ekkert ath.-vert að sjá í munni og koki.

Við ath. á brjóstakassa og kvið kemur (sic) í ljós rétt ofan við crista iliaca 2 nýlegir marblettir, þar sem hann er aumur við þreifingu og lat. f. miðjum brjóstakassa vi. megin rauð rák sem merki um nýlegt mar.

Hlustun á hjarta og lungum er eðlileg, og sjúkl. er ekki aumur við þrýsting y. rifbeinum.

Gert er að sárinu í kjálkanum. Þar er deyft og sett í 3 spor. Hafi sjúkl. áframhaldandi óþægindi frá barkakýli, þ.e.a.s. hæsi og eymsli, er honum bent á að hafa samb. við hne-lækni fljótlega til mats á hugsanlegum áverka þar. Ógerlegt er að segja, hvort sjúkl. komi til með að hafa einhver óþægindi frá þessum áverka í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Olgeirsson, settur
heilsugæslulæknir,
Kirkjubæjarklaustri“.

Lögð hefur verið fram í ljósríti skýrsla lögreglunnar í Austur-Skaftafells-sýslu, dags. 21. júlí. Þar kemur fram, að lögreglan á Höfn í Hornafirði

var kölluð á vettvang og að lögreglumenn hittu þar Magnús, Birnu, Ingibjörgu og Guðlaug þá um nóttina. Samkvæmt skýrslunni voru þau mjög æst „og greinilega undir áhrifum áfengis nema Guðlaugur“. Er haft eftir þeim, að þeir ákærði og Einar hafi elt Birnu að tjaldi þeirra Magnúsar, og hafi þeir viljað fara þar inn, en Birna hafi neitað því. Þá hafi þeir varnað Magnúsi inngöngu, og hafi þeir ætlað að ryðjast inn í tjaldið. Magnús hafi þá hrint Einari frá, en þá hafi ákærði sparkað undir hökuna á Magnúsi, sem féll við það. Þegar hann hafi ætlað að rísa upp, hafi ákærði slegið hann í andlitið, en við það hafi tönn brotnað. Þá hafi ákærði hótað frekari barsmið.

Um kl. 11.00 næsta dag ræddu lögreglumennirnir við ákærða og Einar. Samkvæmt skýrslunni sögðust þeir hafa smakkað vín, gengið um svæðið og litið inn hjá Magnúsi. Hafi þeim verið vel tekið, en fólkið í tjaldinu hafi verið mjög ölvað, sérstaklega Magnús. Þeir hafi farið út úr tjaldinu fljótlega, eftir að Ingibjörg bað þá um það. Magnús hafi þá verið með skæting og slegið til Einars, en Einar hafi sloppið við að berja Magnús. Magnús hafi þá ráðist á ákærða, en ákærði hafi veitt honum eitt högg í sjálfsvörn, svo að Magnús féll.

Með bréfi, dags. 24. ágúst 1987, til rannsóknarlögreglu ríkisins kærir Jón Oddsson hrl. f.h. Magnúsar Magnússonar ákærða í máli þessu og Einar Gíslason fyrir grófa líkamsárás í þjóðgarðinum í Skaftafelli þann 20. júlí 1987. Eru gerðar kröfur um skaðabætur úr hendi þeirra beggja, án þess að fjárhæðir séu tilgreindar, og einnig er gerð krafa um, „að þeim verði refsað lögum samkvæmt“.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. september 1987. Kvaðst hann hafa verið staddur í þjóðgarðinum í Skaftafelli umrædda nótt, en hann var þá ferðamannabifreiðarstjóri. Einar Gíslason hafi einnig verið þar í sömu erindum. Þeir hafi ekki átt að aka fyrr en síðla næsta dag, og hafi þeir því tekið upp hvítvinsflösku og drukkið úr henni. Þeir hafi negið að tjaldi, og hafi þeim verið boðið inn í fortjaldið, en þar voru fyrir tvær konur og einn karlmaður, áberandi ölvað að sögn ákærða, sérstaklega karlmaðurinn og yngri konan. Eftir að hafa setið um hríð og spjallað við fólkið, hafi þeir farið út úr tjaldinu og gengið í áttina að rútubílunum. Magnús hafi komið á eftir þeim og ráðist að Einari. Þeir hafi eitthvað tuskast, en Einar hafi komist hjá að slá Magnús. Ákærði kvaðst hafa staðið álangdar og fylgst með. Er þeir Magnús og Einar bárust þangað, kvaðst ákærði hafa ætlað að ganga frá, og hafi hann lyft fótunum hátt, þar sem grasið var blautt. Magnús hafi þá snúið sér snögg að ákærða og spurt, hvort hann ætlaði að læðast aftan að sér. Sagði ákærði, að hann hefði ráðist á sig með barsmiðum. Ákærði kvaðst þá hafa slegið til Magnúsar með krepptum hnefa, og hefði höggið lent í andliti hans. Hefði

Magnús fallið í jörðina við þetta og ekki hreyft sig um stund. Ákærði kvaðst „ekki hafa ætlað sér að berja Magnús í andlitið, og því hafi þetta fremur verið óviljandi en gert af ráðnum hug“. Allra síst hefði hann haft í huga að veita Magnúsi áverka. Ákærði neitaði því að hafa sparkað í höku Magnúsar. Hann hefði aðeins slegið Magnús eitt hnefahögg. Magnús hefði einn átt upptökin að þessum áflogum.

Einar Gíslason gaf skýrslu hjá lögreglunni sama dag og ákærði gaf þar skýrslu. Hann segir, að þeir ákærði hafi dreypt á hvítvíninu umrædda nótt, og hafi þeir farið að tjaldi, þar sem gleðskapur var. Fólkið hafi tekið þeim vel, og hafi þeir sest inn í fortjaldið og rabbað við fólkið í allt að eina klukkustund. Vel hafi farið á með þeim að öðru leyti en því, að Magnús hafi verið með einhver ónot í þeirra garð, en þeir hafi látið það fram hjá sér fara. Er þeir yfirgáfu tjaldið og héldu til rútubílanna, hafi Magnús komið á eftir þeim og ráðist á sig. Hann kvaðst hafa vikið sér undan bar-smíðum Magnúsar og ekki lagt að honum á nokkurn hátt. Magnús hafi svo skyndilega snúið sér að ákærða og slegið til hans. Ákærði hafi slegið Magnús eitt högg í andlitið, og við það hafi Magnús hrasað og legið í jörðinni á eftir.

Ákærði skýrði svo frá málsatvikum, er hann kom fyrir dóm 27. nóvember 1989, að Magnús hefði elt þá Einar, er þeir gengu frá tjaldinu, sem þeir höfðu verið í hjá fólkinu, og hefði Magnús ráðist á Einar. Þeir hefðu tuskast eitthvað, en leikurinn hefði borist í áttina til sín. Magnús hefði þá rokið á sig og margreynt að kýla sig, en hann hefði aðeins hitt lauslega utan í kinnina. Ákærði kvaðst þá hafa rekið Magnúsi högg án þess að hafa ætlað að slá hann í andlitið, og fannst honum höggið lenda á höku Magnúsar. Magnús hefði rotast, en ekki kvaðst ákærði hafa séð á honum neina áverka. Þeir Einar hefðu gengið til bílanna. Lögreglan hefði komið á staðinn, en ekki hefðu verið teknar skýrslur af þeim Einari fyrr en morguninn eftir. Ákærði neitaði því með öllu að hafa sparkað í andlit Magnúsar. Ekki gat ákærði sagt til um það, hvort Magnús meiddist í átökunum við Einar. Þá neitaði ákærði því að hafa verið með nokkur illindi við Magnús eða fólkið í tjaldinu. Magnús hefði hins vegar verið með ljótt orðbragð, sérstaklega um rútubílstjóra, og hefði það byrjað strax inni í tjaldinu. Þeir Einar hefðu alls ekki verið með ljótt orðbragð, og það væri hreinn tilbúningur, að þeir hefðu varnað Magnúsi inngöngu í tjald sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið neitt sterkara en hvítvín. Hann hefði ekki verið drukinn og nánast ekkert fundið á sér.

Magnús Magnússon hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að þeir ákærði og Einar hafi ruðst inn í tjaldið til þeirra, þar sem þau Birna og Ingibjörg sátu og töluðu saman. Meinnirnir hafi ekki virst vera drukknir, en þeir hafi verið undarlegir, með „stæla“, látalæti og frekju. Þau hafi síðan öll farið

út úr tjaldinu, hann hafi farið með Ingibjörgu, er hún þurfti að skreppa afsíðis, en Birna hafi farið í tjald þeirra, og hafi mennirnir elt hana þangað. Þeir hafi svo setið fyrir honum við tjaldið, og hafi þeir ekki ætlað að leyfa honum að fara inn í það. Magnús kvaðst hafa hrint Einari frá sér, en ákærði hafi þá sparkað upp í hálsinn á sér. Við það hafi hann dottið niður, misst málið, og upp úr sér hafi komið blóð. Þegar hann hafi ætlað að standa upp aftur, hafi hann verið kýldur, og Einar hafi sparkað í síðuna á sér. Þegar hann hafi svo staðið upp aftur, hafi ákærði kýlt sig á „kjaftinn“, en við það hafi tanngarður sinn brotnað. Ingibjörg hafi tekið eftir þessu, og hafi hún komið út og öskrað á þá og spurt, hvað þeir meintu, og þeir skyldu gjöra svo vel að láta hann vera. Þá hafi mennirnir ráðist á hana, annar hafi rifið í hárið á henni, en ákærði hafi tekið í handlegginn.

Ekki bar Magnúsi og ákærða saman um það, hvar þessi átök áttu sér stað. Ákærði hélt því fram, að átökin hefðu átt sér stað miðs vegar milli tjaldanna og bifreiðanna, þó heldur nær tjöldunum, en Magnús sagði, að þeir hefðu aldrei farið út af svæðinu eða að bílunum. Átökin hefðu farið fram rétt við tjöldin.

Vitnið Birna Einarsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er þau Ingibjörg og Magnús fóru frá, hafi ákærði og Einar komið á eftir henni, er hún fór inn í tjald þeirra Magnúsar, og spurt, hvort þeir mættu koma inn í tjaldið. Hún hefði neitað því og sagt þeim að reyna að koma sér í burtu. Stuttri stundu síðar hefði hún orðið vör við, að Magnús og Ingibjörg voru komin aftur og að Ingibjörg fór inn í sitt tjald. Fljótlega hefði hún áttað sig á því, að staðið var í vegi fyrir Magnúsi, er hann ætlaði inn í tjald þeirra, og hefði mennirnir aftrað honum frá því að komast inn í tjaldið. Mennirnir hefðu verið með ljótt og niðrandi orðbragð og hlegið, en fljótlega hefði hún orðið vör við stimpingar úti fyrir. Hún kvaðst síðan hafa ætlað að fara út að sækja Magnús, en þá hefði hún heyrt, að Ingibjörg kom út úr sínu tjaldi, og hefði hún sagt: „Hvern andskotann eruð þið að gera?“ Þá hefðu mennirnir verið búnir að lemja Magnús, og hefði hann legið í valnum. Bæði tjöldin hefðu snúið í suðurátt, en Magnús hefði legið á milli tjaldanna, og hefði hann verið að spýta út úr sér tönna, er hún kom út.

Vitnið Ingibjörg Ingadóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi setið í tjaldinu ásamt móður sinni og Magnúsi, er tveir menn komu þar að og spurðu, hvort þeir mættu koma inn. Hún hefði neitað því, en þeir hefðu samt komið inn. Hún hefði ekki viljað hafa þá og beðið þá að fara. Hún hefði svo þurft að fara út, og hefðu þeir þá vikið úr vegi fyrir henni og farið út úr tjaldinu. Hún hefði svo sagt, að hún vildi fara aftur inn í sitt tjald, en móðir hennar þá verið komin inn í tjald þeirra Magnúsar. Hún hefði

heyrð í mönnunum, og hefðu þeir viljað fara inn í tjaldið til móður hennar. Magnús hefði beðið þá að fara, en rútur þeirra hefðu verið í u.þ.b. 200 m fjarlægð. Síðan hefði hún heyrt þúst, og hefði hún hrokkið upp við, að henni fannst vera byrjuð slagsmál. Hún hefði risið upp og séð úr tjaldinu, að Magnús datt niður við högg, og þegar hún kom út úr tjaldinu, hefði Magnús haldið á tönninni í alblóðugri hendinni. Þeir hefðu verið í u.þ.b. 20 skrefa fjarlægð frá tjöldunum. Hún hefði orðið mjög æst og hrædd, en stærri maðurinn hefði einnig lagt hendur á hana með því að rífa í hárið á henni.

Vitnið Guðlaugur Þór Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að sofa inni í tjaldinu, en kona sín, Birna, og Magnús hafi setið í fortjaldinu. Hann kvaðst hafa vaknað við mannamál, er menn ruddust inn í tjaldið. Engin illindi hefðu verið, þeir hefðu virst elskulegir menn, en voru þó ýtnir. Hann hefði heyrt, að kona sín þurfti að komast út, og hefði hún imprað á því oftár en einu sinni, en hún hefði ekki komist út, nema mennirnir færu. Síðan hefði liðið dálítill stund, þar til þau fóru út. Hann kvaðst svo hafa farið út úr tjaldinu, er hann heyrði, að þar voru stimpingar. Magnús hefði þá legið í jörðinni og verið að rísa upp. Hann hefði legið aðeins á hægri hönd frá tjaldi þeirra Ingibjargar, en til hliðar við tjald þeirra Birnu og Magnúsar.

Vitnið Einar Gíslason hefur gefið skýrslu fyrir dómi, og kannaðist hann þá við að hafa farið inn í tjaldið til fólksins og spjallað við það. Er liða tók á kvöldið, hefðu orðið þar einhver leiðindi, og hefðu þeir ákærði þá farið að tygja sig til brottfarar. Þeir hefðu verið komnir upp fyrir tjald, er Magnús kom á eftir þeim, og hefði hann byrjað að slá til sín, en honum hefði tekist að víkja sér undan, og hefði hann alveg sloppið við að lenda í nokkrum átökum við Magnús. Magnús hefði þá vikið sér að ákærða, og bandaði ákærði honum frá sér, og orðaði vitnið það svo, að ákærði hefði „sjálfsagt gefið honum högg“. Þeir hefðu verið komnir norður fyrir tjaldið, en op þess hefði snúið í suður. Magnús hefði komið á eftir þeim í beinu framhaldi af því, að þeir fóru út úr tjaldinu. Vitnið kannaðist ekki við, að þeir ákærði hefðu varnað Magnúsi að komast inn í tjaldið, taldi það fráleitt, en þeir hefðu ekki varnað honum eins eða neins. Vitnið kannaðist ekki heldur við að hafa sparkað í Magnús og taldi það alveg fráleitt. Hann kvaðst hafa fylgst með því, að ákærði veitti Magnúsi aðeins eitt högg, en ekki gat hann sagt til um, hvar það högg lenti. Hann hefði þó séð blóð á Magnúsi, eins og vör hefði sprungið eða eitthvað svoléidis. Hvorugur þeirra ákærða hefði veist að Magnúsi, eftir að hann féll. Magnús hefði greinilega verið mjög drukkinn.

Í málinu hefur verið lagt fram áverkavottorð, dags. 13. október 1987, svohljóðandi:

„Vegna Magnúsar Magnússonar, nnr. 6273-4876,
Seljavegi 33, Reykjavík, f. 15.3. '44.

Magnús leitaði fyrst til mín 24.7 1987 á slysadeild Borgarspítala vegna hæsi og vissra öndunarörðugleika. Hann skýrði frá því, að þann 19.7. hefði verið ráðist á hann, þar sem hann lá inni í tjaldi, og barið í andlit og sparkað í háls og höku. Samstundis fékk hann hæsi og hóstaði upp blóði, fékk skurðsár vinstra megin á neðri kjálka, —farið með hann til læknis á Kirkjubæjarklaustri, þar sem skurður var saumaður. Ekki tókst að meta barka eða barkakýli. Var ráðlagt að leita hingað vegna hæsinnar.

Við skoðun þann 24.7. var saumur að gróa vinstra megin á neðri kjálka, eymsli voru neðan hægri kjálkaliðar. Ein tönn var brotin vinstra megin úr prótesu í efri gómi. Við skoðun á barka og koki kom í ljós mikil bólga ofan vinstra raddbands og við aftari festu þess og blæðing í svonefnt falska raddband. Vinstra raddband var lamað í miðlinu, en hægra hreyfðist eðlilega.

Sjúklingur fékk meðferð með prednisolon og penicillíni og síðan meðferð hjá Bryndísi Guðmundsdóttir talmeinafræðingi.

Við skoðun þann 11.8. sást ennþá sár með skán aftast á falska raddbandinu vinstra megin, en bæði raddböndin hreyfðust þá orðið eðlilega. Röntgenmynd af neðri kjálka sýndi þverbrot gegnum háls á neðri kjálkanum hægra megin, engin tilfærsla á brotum og því ekki ástæða til neinnar meðferðar. Sjúklingur hafði ennþá eymsli í kjálkanum. Við skoðun þann 10.9. kom í ljós eðlileg hreyfing raddbanda og sár gróin, en ennþá eymsli í kjálkanum. Sjúklingur kvartar yfir, að hann hafi ekki fengið söngrödd aftur. Pennan hlut er erfitt að meta, en mögulegt, að áverkinn á aftari festu raddbandsins geti spilað þar inn í (sic). Sjúklingi ráðlagt að fá enn frekari meðferð hjá Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðingi vegna þessa.

Virðingarfyllt,
Hannes Hjartarson lækni.“

Einnig hefur verið lagt fram áverkavottorð, dags. 27. október 1987, svohljóðandi:

„Vegna Magnúsar Magnússonar, f. 15.3. '44, 6273-4876,
Seljavegi 33.

Magnús Magnússon leitaði til mín vegna tilvísunar frá Hannesi Hjartar-syni háls-, nef- og eyrnalækni á Borgarspítala.

Magnús kom fyrst 28.7. '87 og síðan reglulega 1 - 2 sinnum í viku fram í ágústlok.

Í upphafi var rödd mjög rám, tónsvið takmarkað og raddhljómur óeðli-legur vegna raddbandalömunar öðrum megin.

Unnið var að styrkingu raddar, og aðferðir, sem höfðu í för með sér betri hreyfingu og lokun raddbanda, voru nýttar.

Samhliða raddþjálfun gekk lömun á öðru raddbandi til baka, en tónsvið er ennþá takmarkað, sem má hugsanlega rekja til áverka á aftari festu raddbands, svo að hreyfing á því er takmörkuð.

Hannes Hjartarson hefur mælt með frekari meðferð, sem verður að taka mið af getu sjúklings til að koma (frí úr vinnu).

Virðingarfullst,
Bryndís Guðmundsdóttir,
talmeinafræðingur, M.A.“

Dómarinn leitaði álits Hannesar Hjartarsonar læknis á því, hvort unnt væri að segja til um, hvort Magnús hefði hlotið þá áverka, sem lýst er í vottorði læknisins, af einu höggi. Svar læknisins, dags. 30.5. 1990, er svohljóðandi:

„Vísu til áður útgefinna vottorða vegna þessa máls. Þann 19.7. '87 var ráðist á sjúkl. inni í tjaldi, var barinn í andlit og sparkað í háls og höku. Samstundis fékk hann hæsi, missti röddina, hóstaði upp blóði og fékk skurðsár vinstra megin á neðri kjálka. Skurður saumaður hjá heilugsgæslulækni á Kirkjubæjarklaustri, en ekki tókst að skoða í barka og því sendur hingað til bráðrar skoðunar.

Við skoðun þann 24.7. er hann mjög hás, brotið úr tönn vi. megin í prótesu í efri gómi, mikil bólga kringum ary-brjósk vi. megin, sem er efsta brjósk í barkakýli, og blæðing inni í falska raddbandinu, lamað vinstra raddband. Seinna meir komu í ljós áframhaldandi eymsli í neðri kjálka, þar sem tekin var röntgenmynd, sem sýndi, að þar hafði orðið brot, sem ekki hafði greinst í byrjun. Á nokkrum mánuðum gekk lömun í vinstra raddbandi að mestu leyti til baka, en eftir stóð lömun í einni taugagrein, sem heitir nrvvus laryngeus superior og sér um endanlega strekkingu raddbanda og kemur þannig inn í hljómmyndun. Þetta orsakar hjá sjúkl., að hann hefur ekki sama raddhljómið og áður og á þann hátt til að mynda misst söngrödd, sem er vel þekkt fyrirbæri samfara lömun á þessari taug. Augljóst er, að sjúkl. hefur fengið a.m.k. 2 högg á líkamann, annars vegar höggið á neðri kjálkanum, sem orsakað hefur brot á neðri kjálkanum, og sárskurð á hökuna, og jafnframt hefur það högg væntanlega brotið úr tönn í prótesu. Jafnframt hefur hann fengið högg á barkakýlið, sem orsakað hefur lömun á tveimur taugum, sem stjórna hreyfingum raddbandsins, svo og blæðingu inn í barkakýlið, lömun í annarri tauginni hefur gengið til baka, en ekki hinni og mun ekki breytast úr þessu.

Virðingarfullst,

Hannes Hjartarson læknir, hne-deild Borgarspítalans.”

Lögð hefur verið fram svohljóðandi:

„skaðabótakrafa

í líkamsárásarmálinu:

Magnús Magnússon

gegn

Einari Gíslasyni

og Hlyni Guðmundssyni.

Ég geri eftirfarandi skaðabótakröfu á hendur áðurgreindum mönnum in solidum og legg fram með kröfu þessari:

1. launamiða tjónþola fyrir árið 1987,
2. vottorð Konráðs Sigurðssonar læknis,
3. vottorð Jóns S. Snæbjörnssonar tannlæknis,
4. staðfestingu Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings um útlagðan kostnað,
5. kvittun frá slysadeild Borgarspítala.

Skaðabótakrafa umbjóðanda míns sundurliðast nú svo:

1. Tapaðar vinnutekjur (200787-310887)	kr.	55.869
2. Sjúkradagpeningar til frádráttar	kr.	-13.587
3. Miskabætur	kr.	500.000
4. Vextir frá 200887-220389	kr.	280.977
5. Útlagt vegna raddþjálfunar og vegna slysa- deildar Borgarspítala	kr.	2.010
6. Föt	kr.	5.000
7. Tanngómur	kr.	27.850
8. Málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	kr.	54.377
9. Söluskattur (12%)	kr.	6.525
Samtals		kr. 919.021

Einstakir kröfuliðir skýra sig að mestu leyti sjálfir. Vextir eru miðaðir við meðaltal óverðtryggðra útlánsvaxta, eins og Seðlabanki auglýsir hverju sinni. Vextir eru lagðir við höfuðstól 200888. Sjúkradagpeningar eru ákveðnir af Tryggingastofnun ríkisins og voru kr. 323,54 í 42 daga. Verð fata er áætlað, en íþróttagalli tjónþola gjöreyðilagðist af blóðslettum við árásina.

Reykjavík, 22. mars 1989.
F.h. Magnúsar Magnússonar,
Bergsteinn Georgsson hdl.“

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur aðallega, að ákvörðun um refsingu ákærða verði frestað skilorðsbundið, en til vara, að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin.

Þá er gerð krafa um, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi eða bóta-greiðslum verði í hóf stilli, - loks, að skipuðum verjanda verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að hann hafi einungis veitt Magnúsi eitt högg, er hafi lent á andliti Magnúsar. Ósannað sé, að ákærði hafi veitt honum áverka á hálsi. Þeir ákærði og Einar Gíslason hafi báðir lent í ryskingum við Magnús, og því sé útilokað að sakfella einungis ákærða fyrir áverkana, sem Magnús hlaut við þær.

Ákærði hefur hafnað greiðslu bóta, þar sem hann telur sig ekki bera ábyrgð á tjóni vegna hálsáverka á Magnúsi. Tjón vegna annars telur hann ósannað, en Magnús hafi ekki orðið óvinnufær vegna áverka á kjálka eða tannbrots, og ekki hafi hann sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir útgjöldum vegna þessa.

Niðurstöður.

Framburði ákærða og Einars Gíslasonar fyrir dómi ber saman um, að Einar hafi hvorki lent í átökum við Magnús Magnússon né hafi hann slegið Magnús. Magnús hefur borið fyrir dómi, að ákærði hafi sparkað í hálsinn á sér og slegið sig í andlitið, en Einar hafi sparkað í síðuna á sér. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Magnús í andlitið. Með vísan til þessa svo og vottorðs Hannesar Hjartarsonar læknis, dags. 30. maí sl., þar sem fram kemur, að áverkar á Magnúsi eftir átökin við ákærða eru til komnir vegna 2ja högga, annars vegar á kjálka og hins vegar á barkakýli, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjalli, að öðru leyti en því, að ósannað þykir, að ákærði hafi veitt Magnúsi fleiri en eitt hnefahögg og eitt spark.

Brot ákærða þykir réttilega heimfært til refsilagaákvæðis.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1989 4/11 Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 2932. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfl.

Refsingu ákærða ber að ákveða sem hegningarauka, en brotið er framið, áður en ofangreind dómsátt var gerð í sakadómi Reykjavíkur. Þykir refsingin hæfilega ákveðin með vísan til þess refsilagaákvæðis, sem sakfelld er fyrir, fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Skaðabótakröfu á hendur Einari Gíslasyni er vísað frá dómi, enda er málið ekki höfðað gegn honum.

Ekki þykir ástæða til að vísa bótakröfu Magnúsar Magnússonar á hendur ákærða frá dómi, enda verður að telja hana rökstudda með fullnægjandi

hætti. Þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 150.000 auk vaxta frá 20. ágúst 1987 af þeirri fjárhæð, sem eru jafnháir og vegið meðaltal ársávöxtunar af nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sem var í gildi á þeim tíma, og greiðast vextir til 22. mars 1989, eins og krafist er, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. ágúst 1988.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 68.000, en þau eru ákveðin án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 3. október sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Magnúsi Magnússyni í skaðabætur kr. 150.000 ásamt vöxtum frá 20. ágúst 1987, jafnháum vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, til 22. mars 1989, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. ágúst 1988.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 68.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.